

Nr. 050 / 14 Bylgjan SK 115**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7364
Smíðaður: Hafnarfjörður 1992, plast
Stærð: 5,22 BT
Mesta lengd: 7,95 m Skráð lengd: 7,90 m
Breidd: 2,70 m Dýpt: 1,35 m
Vél: Yanmar 74 kW, 2012
Fjöldi skipverja: 1



Bylgjan©Skip.is

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júní 2014 var Bylgjan SK 115 á strandveiðum N af Sauðanesi. Veður: NA 6-8 m/s (Siglunes).

Á veiðunum varð báturinn olúlaus og óskað var eftir aðstoð. Fluga SI 16 dró Bylgju til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra taldi hann sig hafa næga olú þar sem olúmælirinn sýndi að $\frac{1}{4}$ væri eftir af birgðum í olúgeyminum. Hann sagðist einnig hafa haft það sem reglu að fylla tankinn með þriggja til fjögurra róðra millibili og því ekki tekið eftir að mælirinn færi ekki neðar en í $\frac{1}{4}$ stöðu. Honum hafi ekki verið sagt að mælirinn væri bilaður en hann hafi verið með bátinn í róðrum á strandveiðum síðan í maí;
- að eigandi sagðist ekki hafa vitað að mælirinn hafi ekki sýnt rétta olústöðu í birgðageymi. Hann vísaði til fyrri eiganda sem sagði honum að mælirinn væri eitthvað vitlaus. Eigandinn sagðist alltaf vera með auka olú á brúsa um borð og hann hafi verið um borð ásamt trekt. Hann sagðist ekki vera búinn að laga mælinn en það stæði til;
- að olúgeymirinn er í botni bátsins undir gólfi stýrishússins og flotholt með tilheyrandi búnaði er í tanktoppum (gólfi stýrishússins).

Nefndarálit:

Orsök olúleysis var sú að skipstjóri treysti á olúmæli sem sýndi ekki rétta stöðu.